


Alþingi
Erindi nr. P126/1892
komudagur 23.4.2001



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

20. apríl 2001

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 9. apríl 2001, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 566. mál, heildarlög. Hér með fylgir umbeðin umsögn

Virðingarfyllt,

Þórður Friðjónsson,

forstjóri

Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 566. mál, heildarlög

Frumvarpinu er m.a. ætlað að taka tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa á innlendum fjármagnsmarkaði á undanförunum árum og auka hvata og rými lánveitenda og lántakenda til að semja um kjör sín á milli. Þjóðhagsstofnun telur í stuttu máli að með frumvarpinu séu stigin framfaraskref. Stofnunin vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum varðandi 6. og 15. greinar frumvarpsins:

Samkvæmt 6. grein frumvarpsins munu dráttarvextir vera samtala algengustu skammtímalána Seðlabankans til lánastofnana (grunnur dráttarvaxta) og vanefndaálags. Sjötta grein frumvarpsins gerir einnig ráð fyrir því að aðilum verði heimilt að semja sín á milli um aðra dráttarvexti en þá sem ákveðnir eru af Seðlabanka, með vissum takmörkunum þó. Heimilt verður að semja um fastan hundradshluta vanefndaálags og einnig um fastan hundradshluta dráttarvaxta. Þjóðhagsstofnun telur að þessi breyting á vaxtalögum sé vafalaust til bóta og styður það almennum rökum um hagkvæmni sem felst í frjálsri verðmyndun á samkeppnismarkaði. Takmarkanir á fullu frelsi eru í athugasemdum með frumvarpinu studdar með varfærnisjónarmiðum og réttarfarshagræði. Þjóðhagsstofnun álitur að þessar hömlur séu ólíklegar til að leiða til verulegrar óhagkvæmni á fjármagnsmarkaði. Á hinn bóginn hlýtur réttarfarshagræði að vera eitt af þeim atriðum sem lántakendur og lánveitendur taka almennt til greina í samningum sín á milli. Því er ekki rík ástæða til þeirra takmarkana sem frumvarpið kveður á um.

Í 15. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild Seðlabankans til að ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána að fengnu samþykki viðskiptaráðherra. Þjóðhagsstofnun álitur að öllu jöfnu séu lögbundnar hömlur á notkun verðtryggðra innlána og útlána til þess fallnar að draga úr skilvirkni lánakerfisins. Einkum er hætta á því á tímum mikillar verðbólgu og ef hömlur eru á verðtryggingu langtíma-skuldbindinga. Á hinn bóginn getur það hentað bæði lánveitanda og lántakanda að gera verðtryggða samninga þótt verðbólga sé lítil og lánið til skemmri tíma. Verðtryggingin fyllir upp í gloppur á fjármálamarkaði og getur því gert fjárfestum og sparifjáreigendum mögulegt að eiga viðskipti sín á milli sem þeir sæju sér annars ekki fært að eiga. Þar með nýtast fjárfestingartækifæri sem annars væru ónýtt, þ.e. sparnaður og fjárfesting eykst. Jafnframt veita verðtryggð bréf upplýsingar um verðbólguvæntingar og geta því gagnast Seðlabanka við mótun peningastefnunnar. Hvorki fræðileg rök né reynsla benda til að verðtrygging þurfi að leiða til meiri verðbólgu en annars. Við núverandi aðstæður á fjármálamarkaði og í hagkerfinu almennt verður því ekki séð að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að viðhalda slíkum hömlum á heimildum til verðtryggingar. Þvert á móti er líklegt að þær dragi heldur úr sparnaði og fjárfestingu. Þjóðhagsstofnun telur að ef gert er ráð fyrir takmörkunum á annað borð væri til bóta að skerða þær heimildir til takmarkana sem gert er ráð fyrir í 15. grein. Þetta mætti t.a.m. gera með því að einskorða heimildarnar við innstæður og lán innan ákveðinnar tilgreindar skamrrar tímalengdar (að hámarki 1-2 ár).